

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 6. desember 2017 í máli nr. S-315/2017:

Ákærvaldið

(*Kjartan Ólafsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Stefán Karl Kristjánsson hrl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 16. maí 2017, á hendur X, kt. [...], [...], Reykjavík,

I.

1. Með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 8. september 2016, í félagi við B, stolið svefnpoka og Trek reiðhjóli af einkalóð að Köldukinn 12 í Hafnarfirði.
2. Með því að hafa mánudaginn 3. október 2016 stolið jakka að söluverðmæti 19.790 kr. í verslun Superdry að Laugavegi 58 í Reykjavík.
3. Með því að hafa miðvikudaginn 25. október 2016 stolið peysu að söluverðmæti 8.990 kr. í versluninni Next í Kringlunni í Reykjavík.
4. Með því að hafa mánudaginn 12. desember 2016 stolið vesti að söluverðmæti 4.390 kr. í verslun Hagkaups í Litlatúni í Garðabæ.
5. Með því að hafa miðvikudaginn 11. janúar 2017 stolið harðfiski að óþekktu söluverðmæti í versluninni Kvosin í Aðalstræti í miðbæ Reykjavíkur.
6. Með því að hafa föstudaginn 13. janúar 2017 stolið tveimur kaffikönnum á veitingastað Te og Kaffi í Hamraborg í Kópavogi.
-
7. Með því að hafa þriðjudaginn 17. janúar 2017 stolið kjúklingabringum að söluverðmæti 5.994 í verslun Samkaups í Stigahlíð í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir nytjastuld, með því að hafa fimmtudaginn 12. janúar fengið bifreiðina [...] til reynsluakstur hjá Bílamarkaðnum að Smiðjuvegi í Kópavogi, með því að gefa upp nafn C, og þannig ekið henni af vettvangi án heimildar eiganda og án þess að skila bifreiðinni aftur til bílasölnunnar, en lögregla fann bifreiðina daginn eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er málið einnig höfðað með ákæru, útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 10. október 2017, á hendur ákærða fyrir þjófnað, með því að hafa miðvikudaginn 23. nóvember 2016 stolið vörum samtals að söluverðmæti 13.760 kr. í verslun Olís við Álfheima í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við fyrirtöku málsins 17. nóvember sl. lýsti sækjandi því yfir að fallið væri frá ákærulið I.1 í ákæru frá 16. maí 2017.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin og bundin sérstöku skilyrði um að ákærði skuli leita sér meðferðar. Þá krefst hann hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust jatað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Í málinu liggur fyrir ítarleg skýrsla Elsu Báru Traustadóttur sálfræðings frá 3. nóvember sl. um mat á því hvort vímuefnaeðferð sé vænlegri til árangurs en hefðbundin fangelsisvist með það fyrir augum að draga úr líkum á því að ákærði gerist aftur brotlegur við lög. Í niðurstöðum hennar kemur fram að ákærði hafi glímt við fíkniefnavanda frá unglingsárum. Hann hafi farið í margar meðferðir en aðeins náð að vera edrú í um hálf t ár í senn. Hann þjáist af fjórum kvíðaröskunum

sem eigi þátt í fíknivandanum með þeim hætti að þegar hann hafi áhyggjur eða verði kvíðinn hafi hann notað vímuefni til að komast undan þeirri líðan. Um vítahring kvíða og neyslu sé að ræða. Mikilvægt sé að vinna með hvort tveggja samhliða eigi árangur að nást. Ákærða langi einlæglega til að segja skilið við neyslu og afbrot. Hann virðist hafa raunsæjar hugmyndir um möguleika sína og vera jákvæður fyrir hverjum þeim meðferðarúrræðum sem séu talin vænleg til árangurs. Sálfræðingurinn telur að ákærði þurfi meiri stuðning og meðferð en hann hafi fengið hingað til. Hann geti nýtt sér meðferðarúrræði SÁÁ en það sé ekki nægileg meðferð við vanda hans. Hann þurfi einnig á gagnreyndri meðferð við kvíða að halda. Sú meðferð sem myndi nýtast honum best væri hugræn atferlismeðferð á Teigi sem sé á göngudeild geðsviðs LSH. Sú meðferð sé sérstaklega ætluð fólki með tvígreiningar og í samræmi við klínískar leiðbeiningar um bestu meðferð. Þá væri best að hann væri í styðjandi búsetu á áfangenheimili á meðan á meðferðinni stendur og í a.m.k. eitt ár að lokinni meðferð. Á þeim tíma þyrfti hann að taka virkan þátt í skipulögðu endurhæfingarúrræði sem myndi meðal annars fela í sér áframhaldandi sálfræðimeðferð við kvíða. Slík meðferðaráætlun væri mun vænlegri til árangurs en fangelsisvist.

Sálfræðingurinn gerði nánari grein fyrir skýrslu sinni fyrir dómnum og mögulegum meðferðarleiðum fyrir ákærða. Hún greindi frá því að ákærði væri mjög jákvæður fyrir því að fara í meðferð og það væri einlæg ósk hans. Ákærði væri nú í afplánun en mikilvægt væri að hann hæfi meðferð þegar hann losnaði, en vímuefnameðferð með áherslu á kvíða væri ekki í boði í fangelsinu. Hins vegar skiptu einhverjir mánuðir í fangelsi til eða frá ekki öllu máli. Staðan yrði eins þegar hann kæmi út. Ljóst væri að fangelsismeðferð styrkti hann ekki enda væri búið að fullreyna það.

Ákærði er fæddur í maí 1978. Hann á að baki langan sakaferil sem nær allt aftur til ársins 1998. Nú síðast var hann dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands [...] sl. í þriggja mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot. Brot ákærða nú eru öll framin fyrir uppkvaðningu þess dóms. Verður ákærða dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Ljóst er að ákærði er í mikilli meðferðarþörf og þarf á frekari úrræðum að halda en honum stendur til boða í fangelsi. Vegna sakarferils ákærða þykir þó ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna. Hins vegar eru í boði ákveðin úrræði innan refsivörslukerfisins sem geta nýst ákærða og getur Fangelsismálastofnun tekið mið af framangreindri skýrslu við meðferð mála ákærða og leitast við að styðja hann á þá braut sem sálfræðingurinn mælir með.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hrl., 551.800 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og útlagðan kostnað, 176.080 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kjartan Ólafsson aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hrl., 551.800 krónur, og 176.080 krónur í útlagðan kostnað.

Barbara Björnsdóttir